

50. fundur skólaráðs Grunnskóla Fjallabyggðar

Fundurinn haldinn 1. desember 2017 kl. 8.10 við Norðurgötu

Mættir: Fulltrúar nemenda: Aron Fannar Hilmarsson 8. bekk, Anna Brynja Agnarsdóttir 8. bekk, Bjartmar Ari Aðalsteinsson 9. bekk, Elísabet Alla Rúnarsdóttir 10. bekk, Jóachim Birgir Andersen 10. bekk, Patrick Gabríel Bors 9. bekk, Sara Sigurbjörnsdóttir 9. bekk. Brynja Hafsteinsdóttir fulltrúi foreldra, Jón Garðar Steingrímsson fulltrúi foreldra, Halla Óladóttir fulltrúi kennara, Sigurlaug Ragna Guðnadóttir fulltrúi kennara, Katrín Andersen fulltrúi stjórnar foreldrafélagsins, Guðrún Guðmundsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna og Jónína Magnúsdóttir skólastjóri.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
Samþykkt samhljóða
2. Stjórn nemendafélags skólans
Undir þessum lið komu nemendur með ábendingar um það sem betur má fara í unglingadeild. Rætt var um skólamötuneytið, samskipti, skólareglur og skólaakstur.

Eftirfarandi ábendingum var komið á framfæri varðandi skólamötuneyti:

- Unnar kjötvörur eru vikulega á matseðli skólamötuneytis sem ekki er í takt við markmið manneldisráðs.
- Fyrirkomulagið á matarskömmtun í matsal gæti verið betra og æskilegt að nemendur geti skammtað sér a.m.k. meðlæti sjálfir.
- Salatbar er eftirsóknaverður að mati nemenda.
- Tilkynna þarf nemendum að þeir láti starfsfólk mötuneytis vita ef þeir koma seint í hádegismat til þess að tryggja að þeir fái að borða. Nemandi hefur farið á mis við máltíð þar sem matarskömmtun hafði verið hætt þegar nemandi mætti í matsal.

Eftirfarandi kom fram um samskipti:

- Athugasemdir voru gerðar við framkomu annars starfsfólks sem ekki eru í anda uppeldisstefnu skólans Uppeldi til ábyrgðar. Umræður um framkomu annars starfsfólk hafa komið upp reglulega á síðustu árum á bekkjarfundum. Dæmi eru um að nemendur hafa fengið athugasemdir við það sem nemendur vita að þeir mega. Nemendum finnst slíkar athugasemdir minna á valdniðslu og óvirðingu í þeirra garð.
- Fram kom að nemendum finnst framkoman hafa batnað aðeins frá því fyrst í haust.
- Nemendur sögðu frá fundi sem þeir áttu með starfsfólki í þeim tilgangi að bæta samskipti.

Eftirfarandi ábendingar komu fram í umræðum um skólareglur:

- Skilgreina og skýra þarf skólareglur svo ljóst sé hvers konar drykki nemendur mega neyta í skólanum.

- Að neysla drykkja er ekki það sama og að bera drykkjarföng með sér inn í skólann til þess að setja í skólatösku eða í nemendaskáp.

Eftirfarandi kom fram í umræðum um skólaakstur:

- Nemendur telja skólaakstur ganga vel og að almennt noti nemendur bílbelti.
- Nemendum finnst vanta fleiri ferðir seinnipart dags því síðasta ferð er kl. 16.15

3. Niðurstöður nemendakönnunar frá 3. nóvember 2017

Skólastjóri afhenti samantekt á niðurstöðum nemendakönnunar. Þar sem ekki vannst tími til þess að fara yfir könnunina var ákveðið að gera það á næsta fundi.

4. Önnur mál

Spurningu var varpað fram um það hvers vegna hætt er að hafa lífsleikni á stundatöflu. Skólastjóri mun svara þessu við fyrsta tækifæri.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 9.10

Jónína Magnúsdóttir